
„AÐ FORTÍÐ SKAL HYGGA“

Umhverfismálaráð Reykjavíkurborgar, Samband íslenskra sveitarfélaga og Arkitektafélag Íslands héldu í samstarfi við Sögufélagið, Sagnfræðingafélagið og Torfusamtökin tveggja daga ráðstefnu um húsafriðun dagana 22. og 23. nóvember s.l. Ráðstefnan var haldin í tilefni af húsafriðunarári Evrópuráðsins 1975 undir einkunnarorðunum „að fortíð skal hyggja“.

Ráðstefnan var haldin í Hátiðasal Háskóla Íslands og stóð í tvo daga, laugardag og sunnudag. Jafnframt var í hátiðasalnum brugðið upp sýningu á gömlum myndum úr Reykjavík, sem sýnishorn af sögulegri könnun á gömlum húsum í Grjótaþorpi.

Ráðsefnuna sóttu hátt í hundrað manns að meðtöldum fjórtán framsögumönnum. Ráðstefnan var öllum opin og sóttu hana nokkrir sveitarstjórnarmenn, arkitektar og aðrir áhugamenn um varðveislu minja á sviði byggingarlistar.

Umræðuefni ráðstefnunnar

Fyrir atbeina Norræna hússins var tveimur norrænum sérfræðingum á sviði húsafriðunar boðið hingað að flytja framsöguerindi á ráðstefnunni. Voru það

Einar Hedén, borgarminjavörður í Stavanger, og Vibeke Fischer Thomsen, arkitekt og kennari við Kaupmannahafnarháskóla. Bæði standa þau framarlega á sínu sviði, hvort í sínu landi.

Birgir Ísl. Gunnarsson, borgarstjóri, setti ráðstefnuna,

dr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, flutti ávarp, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, talaði um húsafriðunarárið 1975 og aðgerðir Evrópuráðsins í sambandi við það.

Þór Magnússon, þjóðminjavörður, sagði frá friðun húsa hérlendis.

Björn Þorsteinsson, sagnfræðingur, talaði um skráningu húsa og minja,

Páll Línal, borgarlögmaður, skýrði frá löggjöf um húsafriðun,

Nanna Hermannsson, forstöðumaður Árbæjarsafnsins, flutti erindi um stefnur í verndun gamalla bygginga,

Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, sagði frá verndun gamalla húsa í Reykjavík.

Jón Páll Halldórsson, formaður stjórnar Byggingasafns Vestfjarða, ræddi um verndun húsa á Ísafirði og vanda sveitarstjórna á því sviði,

Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, formaður Torfusamtakanna, sagði frá starfi áhugamannasamtaka á sviði húsaverndar,

Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, flutti hugvekjju, sem hann nefndi: „Byggingar sem lestrarefni“, og Baldvin Halldórsson, leikari, sagði frá eigin reynslu af endurnýjun timburhúss.

Á eftir hverju framsöguerindi voru leyfðar fyrirspurnir til ræðumanns og stuttar umræður, en síðari daginn fóru fram almennar umræður.

Í ráðstefnulok heimsóttu þátttakendur Höfða í boði borgarstjórans í Reykjavík.

Gunnlaugur Halldórsson, arkitekt, sagði þar sögu



Svipmyndir úr ræðustóli. Dr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, lengst til vinstri, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri í miðri og Vibeke Fischer Thomsen, arkitekt, lengst til hægri. Ljósmyndirnar frá ráðstefnunni tók Gunnar Vigfússon.

hússins og lýsti endurbótum, sem á því hafa verið gerðar.

Ráðstefnunni barst heillaskeyti frá aðalfundi Landverndar, sem haldinn var í Reykjavík sama dag.

Dreift var á ráðstefnunni Amsterdamyfirlýsingunni, sem samþykkt var á húsafríðunarráðstefnu Evrópuráðsins, sem haldin var í Amsterdam dagana 21.—25. október sem hápunktur húsafríðunarársins, sem haldið var hátíðlegt í öllum aðildarríkjum ráðsins með sýningum, ráðstefnum og margvíslegum öðrum aðgerðum. Menntamálaráðuneytið hafði þá látið þýða yfirlýsinguna á íslensku.

Í lok ráðstefnunnar voru þrjú þátttakendur, þau Albína Thordarson, arkitekt, Björgvin S. Haraldsson, listmálari, og frú Þóra Kristjánsdóttir ásamt Unnari Stefánssyni, ráðstefnustjóra, valdir til þess að draga saman meginatriði þess, sem fram hafði komið í umræðum.

Í þessari samantekt segir m. a. eftir að lýst hafði verið umræðuefninu:

Hallað á húsagerðarlist

„Dr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, sagði í ávarpi sínu, að við mat manna á menningarverðmætum Íslendinga hafi til þessa verið hallað á húsagerðarlist. „Það er íslenskt þjóðareinkenni að láta sér finnst meira til um verk hugans en handanna“, sagði dr. Kristján Eldjárn. „Það, sem vel er mælt, er í hærri metum en það, sem vel er gert. Íslendingar dýrka orðsins list um aðra hluti fram, og hefur það ef til vill valdið nokkru sinnuleysi um aðra mikilvæga þætti menningararfsins, svo sem merkilega húsalist og hýbýlamenningu þjóðarinnar. Húsamenningin er þó einn hinn nákomnasti lífsþáttur hvers einasta manns, svo sem eins og holdgróinn, hið jarðneska skjól þjóðarinnar frá kyni til kyns og um leið svigrúm og vettvangur fyrir sköpunarþörf og listgleði“. Forsetinn taldi, að opna þyrfti augu landsmanna fyrir því, að gamall húsakostur geti verið dýrmætur menningararfur, sem skylt sé að hlúa að, eftir því sem efni standa til og föng séu á. Skynsamlegt sé að gera sér það ljóst, að hvorki einstök hús né bæjarhverfi verði nokkurn tíma vernduð án þess að það mæti andspyrnu úr einhverri átt. Forsetinn lauk máli sínu með því að segja frá reynslu sinni í þessu efni: „Um öll þau hús, sem ég átti hlut að að taka á fornleifaskrá og gera við, gildir hið sama, að mótbárur heyrðust, eftirtölur og jafnvel andúð. En þegar búið var að gera við húsið, brást það aldrei, að allir urðu ánægðir og stundum mest þeir, sem áður löttu mest. Þessi reynsla, sem einnig má kalla lögmál, segir býsna mikið, bæði um mannlegt eðli og um gildi hinna gömlu húsa.“



Svipmyndir frá húsafríðunarráðstefnunni í Hátíðasal Háskólans.



Einar Hedén, borgarminjavörður í Stavanger, flytur framsöguræðu sína á ráðstefnunni.

Þrjár leiðir í húsaveynd

Á ráðstefnunni var gerður glöggur greinarmunur á þeim leiðum, sem til greina koma við verndun húsa:

Í fyrsta lagi *fríðun*, sem staðfest er af ráðherra og þinglýst sem kvöð á hlutaðeigandi húseign, sem þá má ekki breyta og ekki flytja úr stað né rífa nema með leyfi stjórnvalda.

Í öðru lagi *varðveizla eða húsaveynd*, sem byggist á sameiginlegum vilja yfirvalda og eigenda að halda húsi vel við í upprunalegu horfi samhliða eðlilegri nýtingu. Slík húsaveynd ryður sér til rúms erlendis og með nánú samstarfi húsráðenda og yfirvalda mætti glæða gömul hús lífi og gefa þeim verðugt hlutverk í samtíð og framtíð. Slík samvinna var talin bezta leiðin til árangurs í þeirri viðleitni að gefa fortíðinni framtíð svo vitnað sé til kjörorða húsfriðunarárs Eyr-ópuráðsins.

Í þriðja lagi var rætt um fríðun með þeim hætti að *flytja hús af fyrri stað i safn* eins og gert hefur verið í nokkrum mæli í Reykjavík með flutningi húsa í Árbæjarsafn. Slík húsasöfnun var talin hafa takmarkað gildi og aðeins eiga við í vissum tilvikum, þegar um væri að ræða sérstæð hús, sem ekki hefðu notagildi á upprunalegum stað eða ættu að geymast sem sýnishorn um gamlan húsbúnað almennings til upplýsingar og fróðleiks.

Ennfremur var talið nauðsynlegt að taka tillit til eldri byggðar, þegar unnið er að skipulagi, þar sem byggð er fyrir.

Húsafriðun í höfuðborginni

Á ráðstefnunni var sérstaklega gerð grein fyrir varðveizlugildi gamalla húsa í Reykjavík. Skýrt var frá könnun, sem gerð var í höfuðborginni á árunum 1968–1970 og helztu niðurstöðum hennar. Könnun þessi fól í sér rannsókn á aldri húsa og ástandi, ásamt tillögugerð um varðveizlu. Fram kom, að höfundar þessarar könnunar töldu sig bundna af þeim ramma, sem aðalskipulag Reykjavíkur 1962–1983 setti. M. a. að því er varðaði samgöngukerfi við miðbæinn, þar á meðal í og við Grjótaþorpið. Í könnun þessari voru sérstök svæði afmörkuð til friðunar og að lokum látið í té röksutt mat á varðveizlugildi einstakra gatna og húsa. Alls var lagt til, að um 150 hús yrðu varðveitt á staðnum, 17 flutt í Árbæ, en um 100 hús rannsökuð nánar. Í framhaldi þessarar könnunar hefur húsafriðunarnefnd friðlýst sex hús í Reykjavík: Alþingishúsið, Dómkirkjuna, stjórnarráðshúsið, Menntaskólann,

Íþöku og Landsbókasafnið, en frestað hefur verið að taka ákvörðun um önnur hús og svæði, svo sem norður-enda Tjarnarinnar, hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Bernhöftstorfuna. Aðrir þættir könnunarinnar eru til meðferðar hjá skipulagsnefnd og byggingarnefnd til frekari úrvinnslu og ákvörðunartöku. Samhliða þeirri vinnu, sem nú er hafin við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur var á ráðstefnunni talið eðlilegt, að endurskoðað verði mat á varðveizlugildi einstakra húsa og bæjarhverfa, og það samhæft almennri endurskoðun aðalskipulagsins.

Merkur áfangi í húsafriðun

Stofnun húsafriðunarsjóðs snemma á þessu ári var talinn merkur áfangi og verðugt spor í tilefni húsafriðunarársins. Viðgerð og varðveizla gamalla húsa er mjög kostnaðarsöm og lítt viðráðanleg húseigendum og einstökum sveitarfélögum. Stuðningur hins opinbera væri því æskilegur, til dæmis með niðurfellingu fasteignaskatts til sveitarfélags, sé vernduðu húsi vel við haldið. Talið var æskilegt, að stofnaður yrði nýr lánaflökkur í húsnæðislánakerfinu til endurbóta á húsnæði, sem talið er hafa varðveizlugildi. Talið var rétt að auka valdsvið húsafriðunarnefndar, sem starfar samkvæmt þjóðminjalögum frá 1969, og að auka starfsfé hennar. Þá kom fram, að friðun verði ekki aðeins bundin við einstök tiltekin hús, heldur geti einnig náð til húsa eða bæjarhverfa, svo varðveita megi andblá hinnar varðveittu byggðar í heild. Fram kom sú skoðun, að gera þyrfti þjóðminjalögin frá 1969 viðtækari, láta þau ná til fleiri fornminja, sem ástæða væri til að friðlýsa, og að lögbjóða þurfi nákvæma skráningu allra slíkra minja. Lagt var til, að stofnuð yrðu í hverjum landshluta embætti byggðaminjavarða, sem önnuðust eftirlit með menningarminjum, hver í sínum landshluta, en mestu varðaði þó, að hinn almenni borgari í landinu léti mál þetta meira til sín taka heldur en verið hefur svo að viðhalda megi sem bezt þessum þætti íslenzkrar menningarsögu.

Þótt friðun mannvirkja eins og náttúrufríðun eigi sér ekki langa sögu hér á landi, eru þetta málefni, sem nú fara sigurför um allan heim. Verndun umhverfisins er einhver hávarasta krafa okkar tíma. Kjörorð húsafriðunarráðstefnunnar á Íslandi 1975 voru fólgin í ljóðlinum Einars Benediktssonar:

„Það fagra, sem var, skal ei lastað og lýtt,
en lyft upp í framför, hafið og þrýtt.
Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.“